

Framlag Jöfnunarsjóðs	1 472 905 406,00
Dráttarvextir óinnheimtir	1 027 001 252,00
Óráðstafað eigið fé	534 941 350,00
	<hr/>
	3 062 292 701,00
	<hr/> <hr/>

Reykjavík, 7. febrúar 1991.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga

Sigurgeir Sigurðsson, Sigurjón Pétursson,
Þórhildur Líndal, Árni Guðjónsson.

Nr. 270

30. júní 1992

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Leirubakki.

Samkvæmt ósk Borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 10. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er landnotkun á staðgreinireit 4.633.203 úr svæði fyrir verslun og þjónustu í svæði fyrir verslun, þjónustu og íbúðir.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að taka að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 30. júní 1992.

F. h. r.

Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 271

30. júní 1992

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits, Akranesi.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 10. júní 1992 staðfest breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits á Akranesi, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er landnotkun á lóð nr. 18 við Merkigerði úr verslunarlóð í lóð fyrir verslun og íbúðir.

Bæjarstjórn Akraness tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 30. júní 1992.

F. h. r.

Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.